




## Gerð bílastæða, grafið fyrir götu og lagnaframkvæmdir

Þær framkvæmdir sem standa yfir eru eftirfarandi:

### 1. Bílastæðareitur A – norðan megin við BSÍ reit (sjá kort 1)



- Í næstu viku verða bílastæðin malbikuð og gengið frá kantsteinum. Einnig verða stæðin merkt ásamt því að lýsing verður sett upp.
- Engar takmarkanir á umferð að og frá svæðinu eins og er en tengingar frárennslis-lagna út í götur við BSÍ mun takmarka þar umferð í næstu viku.

### 2. Bílastæðareitur B – norðan megin við BSÍ reit (sjá kort 2)



- Verið að grafa og fylla í svæðið og koma fyrir frárennslislögnum.
- Engar takmarkanir á umferð fylgja þessum framkvæmdum eins og er.

### 3. Lagning hitaveitu upp með Vatnsmýrarvegi (sjá kort 3)

Í næstu viku verður byrjað að grafa fyrir og leggja hitaveitulögn upp með Vatnsmýrarvegi að vestanverðu. Svæðið verður girt af og mun þessi framkvæmd ekki hafa mikil áhrif á umferð á spítalaskvæðinu en þó má búast við talsverðri umferð vörubíla um Vatnsmýrarveginn niður að Hringbraut. Þessi framkvæmd ásamt framkvæmdum við bílastæðareiti A og B og vinnu við „Neðstu götu“ eykur talsvert umferð vinnuvéla um svæðið við Læknagarð og Vatnsmýrarveg. Það er því full ástæða til að vekja athygli fólks á þeim framkvæmdum sem þarna fara fram og áréttta að allir fari með aðgát um svæðið.

### 4. Lagning kaldavatnslagnar frá Eiríkgötu og inn í aðalbyggingu (sjá kort 4)

Vinnu við vatnslögn er lokið og búið er að fylla í skurðstæðið.

### 5. Grafið fyrir „neðstu götu“ sunnan við Læknagarð (sjá kort 5)




Verið er að grafa fyrir „neðstu götu“ sunnan Læknagarðs. Þessar framkvæmdir hafa ekki áhrif á umferð eða starfsemi LSH en eins og getið er í grein 3 þá er umferð vinnuvéla á sunnanverðri lóðinni (neðan Gömlu Hringbrautar) orðin talsvert mikil vegna margra verkþátta sem þar er verið að vinna.

### 6. Bílastæðin við Geðdeild Landspítala (sjá kort 6)

Unnið var við lokafrágang og malbikun á tengingu frá Geðdeildar bílastæðum út á Eiríkgötu í vikunni. Gera má ráð fyrir að tengingin verði opnuð í næstu viku.

#### Skýringarmynd

Á eftirfarandi korti eru sýndir hringir utan um þau svæði þar sem framkvæmdir standa yfir.



#### Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið [asbjorn@nlsh.is](mailto:asbjorn@nlsh.is)

Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið [olafur.b@fsr.is](mailto:olafur.b@fsr.is)

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða [magnus@nlsh.is](mailto:magnus@nlsh.is).

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 [stefanhh@landspitali.is](mailto:stefanhh@landspitali.is) og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 [bgisla@hi.is](mailto:bgisla@hi.is)